



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

BLAÐAMANNAFUNDUR Í VÆTTASKÓLA Í GRAFARVOGI KL. 13:30

FORVARNARDAGURINN 2015 ÓTVÍRÆÐUR ÁRANGUR ÍSLANDS NÝ OG VARASÖM NEYSLUVARA MEÐAL UNGLINGA

Í dag, 1. október 2015 kl 13:30, verður haldinn kynningar- og blaðamannafundur um Forvarnardaginn og þann árangur sem náðst hefur í vímuefnaforvörnum á undanförunum árum. Fundurinn verður haldinn í Vættaskóla í Grafarvogi, Vallengi 14 og þar munu nemendur og forsvarsmenn skólans og fulltrúar þeirra aðila sem standa að Forvarnardegnum kynna árangurinn sem náðst hefur á undanförunum árum.

Forvarnardagurinn 2015 verður svo haldinn í grunnskólum og framhaldsskólum landsins á morgun, föstudaginn 2. október.

Á blaðamannafundinn munu mæta Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, forsetafrú Dorrit Moussaieff, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdarstjóri ÍSÍ, Hermann Sigurðsson framkvæmdarstjóri Bandalags íslenskra skáta og Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ. Auk þess verður á fundinum Valur Ragnarsson, forstjóri Medis og forsvarismaður Actavis á Íslandi, en fyrirtækið hefur stutt Forvarnardaginn myndarlega frá upphafi.

Forvarnardagurinn er nú haldinn í tíunda sinn í grunnskólum landsins og í fimmta sinn í framhaldsskólum.

Á Forvarnardaginn ræða nemendur í skólunum um hugmyndir sínar og tillögur varðandi nýjungar og breytingar á æskulýðs- og íþróttastarfi, fjölskyldulífi og öðrum þeim þáttum sem eftl geta forvarnar. Hugmyndir og tillögur nemenda eru svo teknar saman og settar í skýrslu sem birt er á vefsíðu dagsins, www.forvarnardagur.is. Þá gefst nemendum kostur á að taka þátt í ratleik á vefsíðum íþróttá- og ungmennasamtaka og eru þar verðlaun í boði. Upplýsingar um daginn eru einnig aðgengilegar á Fésbók (www.facebook.com/forvarnardagur).

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðstandendur Forvarnardagsins auk forsetaembættisins eru Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Félag íslenskra framhaldsskóla og Rannsóknir og greining. Forvarnardagurinn er skipulagður með stuðningi lyfjafyrirtækisins Actavis.

Meginmarkmið Forvarnardagsins er að vekja athygli á því hvaða ráð hafa reynst best til að koma í veg fyrir að ungmenni verði áfengi og fíkniefnum að bráð. Þar ber hæst þátttöku í formlegu íþróttá- og tómstundastarfi og samverustundir með fjölskyldunni.

Á Íslandi hefur náðst afar góður árangur í baráttu gegn notkun áfengis og tóbaks á grunnskólastigi. Það þakka menn ýmsum þáttum. Margvíslegt tómstundastarf hefur mikið gildi í þeim efnum, svo sem starf skáta, ungmennafélaga og íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skiptir afar miklu máli að foreldrar ræði við börn og unglinga um valkosti í frístundastarfi og þá staðreynd að líkurnar á að áfengisnotkun verði síðar vandamál minnka stórlega með hverju ári sem unglingar draga það að bragða áfengi.

Nýlegar rannsóknir á íþróttastarfi ungmenna benda til að þær hafi þá aðeins forvarnargildi ef þær eru stundaðar með formlegum og skipulegum hætti. Þetta ætti að vera unglingum og öðrum sem hlut eiga að máli umhugsunarefni og gefur þeim aukna ástæðu til að stunda íþróttir innan ramma íþróttá- og frístundafélaga.

Rannsóknir á undanförunum árum hafa líka leitt þetta í ljós:

- Jákvæð þróun með minnkandi notkun áfengis og tóbaks heldur í megindráttum áfram í íslenskum grunnskólum.
- Íslenskir grunnskólanemar standa mjög vel í alþjóðlegum samanburði í þessum efnum.
- Veruleg aukning verður í notkun á áfengi á fyrsta ári í framhaldsskóla og telja margir nemar að foreldrar láti það

óátalið að þau noti áfengi eftir að þau eru komin í framhaldsskóla.

- Notkun á áfengi og tóbaki hefur engu að síður farið heldur minnkandi í íslenskum framhaldsskólum á undanförunum árum.

En þó að mikið hafi dregið úr notkun áfengis og tóbaks meðal íslenskra unglunga á síðustu árum eru nokkur teikn á lofti sem staldra þarf við.

Ný vímuefni og nýjar aðferðir til að neyta eldri tegunda vímuefna hafa nú komið fram. Sum þessara efna eru framleidd úr efnivið sem er leyfður samkvæmt lögum, svo sem tóbaki og koffíni. Efnin eru bragðbætt, bætt í þau ilmefnum eða þau markaðssett sem sælgæti. Nýleg dæmi um þetta eru tóbakslíki, rafsígarettur, og svonefndir orkudrykkir sem sumir hverjir hafa að geyma mikið magn koffíns. Markaðssetning þessara efna hefur fyrst og fremst miðast við unglunga og neyslan hefur aukist hratt á undanförunum árum. Þannig sýna nýjustu mælingar Rannsóknna og greiningar frá því fyrr á þessu ári að 17% unglunga í 10. bekk grunnskóla hafa reykt rafrettur einu sinni eða oftár um ævina og 9% hafa notað tóbakslíki. Einnig sýna mælingar að allt að 20% unglunga neyta daglega orkudrykkja sem innihalda koffín.

Þó að telja megi koffín skaðlítið efni hafa bæði innlendar og erlendar rannsóknir sýnt að neysla allra þessara efna eykur líkur á neyslu annarra og sterkari vímuefna einnig.

1. október 2015

Nánari upplýsingar veita Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri Forvarnardagsins (863 3631), skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Ragna Þórhallsdóttir deildarstjóri (861 2596).

- *Staður:* Vættaskóli, Vallengi 14, 112 Reykjavík.
- *Stund:* Fimmtudaginn 1. október kl. 13:30.